

III. Prófdómarar.**8. gr.**

Prófdómarar starfa aðeins við námsmat í 9. bekk í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins þar um hverju sinni, sbr. 61. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

9. gr.

Prófdómari skal kynna sér hvernig námsmati hlutaðeigandi skóla er háttað og gæta þess að það sé í samræmi við ákvæði námsskrár og önnur fyrirmæli þar að lútandi. Prófdómari skal samþykkja skrifleg prófverkefni áður en þau eru lögð fyrir nemendur. Sérstaklega skal þess gætt að prófkröfur séu í samræmi við námsmarkmið. Greini prófdómara og kennara á um einkunn og náist ekki samkomulag skal meðaltal einkunna gilda.

10. gr.

Prófdómari og hlutaðeigandi kennari eru ábyrgir fyrir því að einkunnir séu rétt færðar í spjaldskrá skólans.

11. gr.

Prófdómara er ekki heimilt að taka að sér meiri verkefni en svo, að hann geti með hægu móti annað verkefnum á þeim tíma sem er til umráða. Er þá miðað við, að prófdómari geti skilað alls um 13 vinnustundum á dag að jafnaði.

12. gr.

Vilji nemandi, eða foreldri (fórráðamaður), ekki una niðurstöðu námsmats getur hann skotið máli sínu til hlutaðeigandi fræðslustjóra.

IV. Gildistaka.**13. gr.**

Reglur þessar gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kann að verða ákveðið. Jafnframt falla úr gildi reglur um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins, nr. 61/1975, svo og önnur ákvæði sem kunna að fara í bága við reglur þessar.

Menntamálaráðuneytið, 28. febrúar 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

R E G L U R

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Eyrarbakkahepps, Sandvíkurhepps, Selfosshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhepps, Villingaholtshrepps og Stokkseyrarhepps.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál ofangreindra 7 hreppa hér eftir kölluð skipulagsnefnd er svo skipuð að í henni eiga sæti 8 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar og varamann hans, en að öðru leyti er hún skipuð einum fulltrúa frá hverju hinna 7 framtaldrá sveitarfélaga

en auk þess skulu tilnefndir 7 varamenn á sama hátt: Fulltrúar þessir skulu vera úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna, eða sveitarstjóri.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að gerð skipulagsáætlunar og samræmingu á skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög miðað við væntanlega þróun fram til ársins 2000.

Nú verður ágreiningur um, hversu viðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni tiltekins sveitarfélags.

Nefndin skal halda gerðabók, og skal formaður og ritari undirrita hana þegar hún hefur verið borin upp og samþykkt. Sá fundarmaður, sem er ósamþykktur ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Á uppdrætti skal auðkenna núverandi notkun lands. Skulu þar sýnd svæði þau, er tilheyra núverandi lögbýlum grasbýlum og gróðurhúsabýlum, iðnaðar- og þjónustubýlum, ræktuð lönd og áveitusvæði, sandgræðslusvæði, skógræktarsvæði, svæði, sem tilheyra skólum eða stofnunum, friðuð svæði, sumarbústaðahverfi, svæði þau, sem þegar hafa verið byggð eða skipulögð sem þéttbýli og annað, sem máli þykir skipta.

Einnig skal auðkenna á uppdrætti friðaðar minjar eða náttúruvætti, helstu vegi, jarðhitasvæði, sem þekkt eru, helstu borholur og aðalhitaveituæðar, helstu vatnsból, sem þekkt eru og aðalvatnsveituæðar, háspennulínur og aðalspennistöðvar, helstu símalínur (jarðstrengir og loftlínur), sand- og malartekjussvæði, helstu rotþrær og frárennslisæðar og útrásir þeirra í ár og læki, áveituskurði, ár, vötn og læki, þar sem vitað er um veiði, fiskeldisstöðvar og annað, sem þykir skipta máli.

5. gr.

Á uppdrætti að svæðisskipulagi skal sýna fyrirhugaða notkun lands og ráðgerða nýja vegi, hitaveitur, vatnsveitur, háspennulínur og frárennslí, sem máli skipta. Auðkenna skal sérstaklega framtíðarlandbúnaðarsvæði, ráðgerð hverfi iðnaðarþjónustu og gróðurhúsabýla, ráðgerð þéttbýlishverfi og sumarbústaðahverfi, skógræktarsvæði, ráðgerð svæði fyrir skóla og stofnanir, ráðgerð útivistarsvæði og gönguleiðir, svæði undir reiðskóla og reiðgötur, ráðgerð tjaldsvæði og svæði fyrir húsvagna, svæði sem æskilegt er að friða vegna sérstæðrar fegurðar eða vegna sérstæðra náttúru-myndana, gróðurs eða dýralífs. Að öðru leyti skal höfð hliðsjón af reglugerð nr. 217/1966 og samráð haft við jarðanefnd, náttúruverndarnefnd, Náttúruverndarráð, Þjóðminjavörð, Skógræktarstjóra, Landgræðslustjóra, Flóaáveitustjóra, Vegagerð ríkisins, Veiðimálastjóra, Hafnamálastjóra, Framkvæmdastofnun ríkisins og aðra aðila, eftir því sem ástæða þykir til .

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórna getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslíð til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins, eða þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til hlutaðeigandi sveitarstjórna. Að fenginni samþykkt sveitarstjórna sendist tillaga til skipulagsstjórnar og fer um frekari meðferð hennar samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

8. gr.

Kostnaður milli sveitarfélaga miðast að hálfu við íbúafjölda og að hálfu við flatarmál hvers sveitarfélags. Skipulag ríkisins leggur jafnmikið að mörkum til verksins og umrædd sveitarfélög.

9. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1979. Ef nefndin óskar og gildir ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en í 6 mánuði í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

R E G L U G E R Þ

um Unglingaheimili ríkisins.

1. gr.

Unglingaheimilin eru upptöku- og vistheimili ætluð unglungum á aldrinum 12—15 ára (að báðum aldursflokkum meðtöldum), sem yfirvöld þurfa að hafa afskipti af vegna hegðunarvandkvæða. Heimilt er þó að víkja frá þessum aldursmörkum, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Heimilin skulu veita unglungum, sem þar eru vistaðir, viðeigandi aðbúnað, rannsókn, uppeldi, fræðslu og félagslega aðstoð.

3. gr.

Í aðalstjórn ungingaheimila ríkisins eru þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra. Skal einn þeirra tilnefndur af barnaverndarráði Íslands, annar af félagsmálaráði Reykjavíkur, en menntamálaráðherra skipar hinn þriðja án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar.

Í þeim tilvikum þar sem ungingaheimili eru starfandi utan Reykjavíkursvæðisins skal menntamálaráðherra auk þess skipa tvo stjórnarmenn tilnefnda af sýslunefnd og sveitarstjórn til umfjöllunar um sérmálefni viðkomandi heimilis. Skulu þeir hafa reglulega umsjón með umönnun vistmanna og starfrækslu heimilisins.